



67. fundur.

13. maí 2015 kl. 10:00 -11:30

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Kári Karlsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(Í fjarveru Sæþórs Gunnsteinssonar)

Dagskrá:

1. Fosshóll. Deiliskipulag.
2. Hringvegur. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á Hringvegi í Reykjadal.
3. Efnistökusvæði á Fljótsheiði. Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna stækkunar.

1. Fosshóll. Deiliskipulag.

S20140901

Tekið fyrir að nýju en erindið var áður á dagskrá skipulags- og umhverfisnefndar 24. september 2014. Á þeim fundi frestaði nefndin afgreiðslu á tillögunni þar sem framtíðarlega Bárðardalsvegur eystri á þessu svæði lá ekki fyrir en tillögur þar að lútandi voru þá væntanlegar frá Vegagerðinni. Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa að koma sjónarmiðum nefndarinnar, sem rædd voru á fundinum, á framfæri við skipulagshöfund og landeiganda og jafnframt óskaði nefndin eftir því að tillagan yrði samræmd heildarskipulagi svæðisins sem þá var í vinnslu. Innkomið nýtt erindi dags. 15. apríl s.l., „lokaútgáfa af

skipulaginu fyrir Fosshól“ frá Gesti Helgasyni f.h. Guesthouse Fosshóll þar sem hann telur að „tími sé kominn til að leggja þetta fram til afgreiðslu því hann gerir allt eins ráð fyrir að fara að byggja í haust.“

Skipulags- og umhverfisnefnd ítrekar fyrri afstöðu sína um að tillagan verði samræmd heildarskipulagi svæðisins við Goðafoss sem nú er í auglýsingu. Í framkominni tillögu er ekki ásættanleg framtíðarlausn á legu Bárðardalsvegur eystri við Fosshól að mati nefndarinnar og Vegagerðarinnar og mælist nefndin til þess við umsækjanda að hann leiti sameiginlegrar lausnar á legu vegarins í samráði við aðra lóðarhafa og landeigendur á svæðinu.

2. Hringvegur. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á Hringvegi í Reykjadal.

S20150501

Erindi dags. 4. maí 2015 frá Gunnari H. Guðmundssyni Svæðisstjóra Norðursvæðis f.h. Vegagerðarinnar þar sem sótt er um framkvæmaleyfi til Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 vegna 3,6 km kafla vegaframkvæmdar í sveitarfélaginu milli Daðastaða og Reykjadalár. Framkvæmdin er ekki matsskyld skv. lögum nr. 106/200 um mat á umhverfisáhrifum og hún er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022. Framkvæmdin nefnist: Hringvegur (1-q8). Endurbætur á Hringvegi í Reykjadal í Þingeyjarsveit, Daðastaðir-Reykjadalsá.

Með umsókn fylgir verkefnislýsing og loftmynd frá Vegagerðinni, sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

3. Efnistökusvæði á Fljótshéiði (Náma E-41). Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna stækkunar.

S20140201.

Erindi dags 4. maí 2015 frá Sigurði Ásbjörnssyni f.h. Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn Þingeyjarsveitar um tilkynningaskylda framkvæmd vegna fyrirhugaðrar stækkunar efnistökusvæðis (E-41) á Fljótshéiði sem stofnunin er að skoða hvort þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Heildar magn efnistöku er áætlað 149.900 m³ á 49.900 m² stóru svæði.

Fylgigögn eð erindinu eru kynningarskýrsla frá Vegagerðinni dags í apríl 2015 og uppdrættir/loftmyndir frá Hönnunardeild Vegagerðarinnar sem sýna fyrirhugaða stækkun á efnistökusvæðinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að umrædd framkvæmt skv. framlögðum göngum Vegagerðarinnar sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem fyrirhuguð efnistakan er á áður röskuðu svæði.

Fundi slitið.